

Þjóðhátíð í Fjarðabyggð

17. júní verður fagnað á Fáskrúðsfirði með frábærri hátíðardagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Kl. 13:00 Víðavangshlaup

Allir eru sigurvegarar.

Mæting kl. 12:45 við Fáskrúðsfjarðarkirkju, þar sem skráning fer fram.

Kl. 13:45 Skrúðganga

Gengið verður frá Rex/Sumarlínu að hátíðarsvæðinu við Fram-húsið Hafnargötu.

Kl. 14:15 – 16:30

Hátíðardagskrá við Fram

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri, býður hátíðargesti velkomna og fjallkonan flytur hátíðarávarp. Tónlistaratriði, Benedikt Búálfur og fleira skemmtilegt verður í boði.

Á hátíðarsvæðinu verða hoppukastalar í boði Loðnuvinnslunar, andlitsmálun fyrir yngstu kynslóðina í boði Launafis, kaffiveitingar og blöðrusala. Kynnir er Berglind Ósk Agnarsdóttir, sagnapulur.



Nánar á visitfjardabyggd.is og fjardabyggd.is

Njóttu þjóðhátíðardagsins á Fáskrúðsfirði

Fjarðabyggð heldur 17. júní hátíðlegan í samstarfi við íþróttahreyfinguna í Fjarðabyggð og fer hátíðardagskrá sveitarfélagsins fram til skiptis í hverjum bæjarkjarna.

Áhugavert í næsta nágrenni við hátíðarsvæðið

Frönsku húsin hafa vakið heimsathygli fyrir menningarsögulegt gildi og vandaða enduruppbyggingu. Í þeim er meðal annars Safnið Frakkar á Íslandsmiðum sem þykir einstakt í sinni röð. (Aðgangur er ókeypis fyrir íbúa í Fjarðabyggð). Norðurljósahús Íslands opnaði nýlega í Wathneshúsi og hefur ekki síður vakið verðskuldaða athygli. Í handverks- og sagnahúsinu Tanga er Gallerí Kolfreyja til húsa, verslun handverksfólks á Fáskrúðsfirði.



Frítt í strætó

Frá Stöðvarfirði

Brekkan	13:20
Fáskrúðsfjörður (Rex)	13:45

Frá Norðfirði

Nesbakkabúð	12:50
Verkmenntaskólinn	12:42
Miðstræti	12:44
Orkan	12:46
Valhöll Eskifirði	13:10
Shell	13:12
Sundlaug	13:14
Austurvegur/Barkur	13:26
Molinn	13:28
Orkuskálinn	13:30
Fáskrúðsfjörður (Rex)	13:45

Ekið verður sömu leið til baka frá hátíðarsvæði kl. 16:30.